

Föstudaginn 31. október 1969.

Nr.. 75/1969. Georg Hermannsson
 (Björn Hermannsson hrl.)
 gegn
Samvinnutryggingum
 (Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. apríl 1969. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 6.460.40 með 7% ársvöxtum frá 25. janúar 1968 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi.

Í máli þessu hefur áfrýjandi eigi gefið aðiljaskýrslu fyrir dómi, en í héraðsdómi segir, að áfrýjandi haldi því fram, að hann hafi skýrt frá því, er hann keypti ábyrgðartryggingu vegna dráttarvélarinnar, að hún væri búin tækjum til ámokstrar og graftar.

Þá hefur ekki heldur sá starfsmaður stefnda, er annaðist tryggingarbeiðni áfrýjanda, gefið skýrslu fyrir dómi og tjáð sig um framangreinda staðhæfingu.

Þar sem meðferð málsins er svo áfátt sem að framan er lýst, verður að ómerkja dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. febrúar 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 18. þ. m., hefur Georg Hermannsson bifreiðarstjóri, Yzta-Mói í Fljótum, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 27. marz 1968, á hendur Samvinnutryggingum g/t hér í borg til greiðslu á kr. 6.460.42 með 7% ársvöxtum frá 25. janúar 1968 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Málavextir eru þessir:

Hinn 27. júní 1966 var unnið við að grafa skurð frá húsinu nr. 29 við Móabará í Hafnarfirði og yfir götuna. Var unnið að verkinu með skurðgröfuútbúnaði, sem dráttarvél KD 348 var búin. Dráttarvél þessi er eign stefnanda, og eins og skráningarnúmer hennar gefur til kynna, var hún skráð sem slík í Skagafirði. Er dráttarvél af gerðinni Massey Ferguson, árgerð 1962. Auk skurðgröfuútbúnaðarins, sem er aftan á dráttarvélinni, er dráttarvél að framan búin ámoksturstækjum. Er verið var að grafa skurðinn með skurðgröfutæki dráttarvélarinnar, vildi svo til, að skófla þess sleit rafmagnsjarðstreng, er var í um 3 feta dýpt í götubrúninni. Er jarðstrengur þessi eign Rafveitu Hafnarfjarðar. Stefndi hafði hinn 9. nóvember 1962 keypt hjá bifreiðadeild stefnda ábyrgðartryggingu fyrir dráttarvélinu. Í beiðni þeirri, sem stefndi undirritaði, er notkun dráttarvélarinnar lýst þannig: „Landbúnaðarframkvæmda (Iðnaðarvél)“. Var síðan gefið út tryggingarskírteini til stefnanda. Nam hámarksvátryggingarfjárhæð kr. 200.000.00, og ársiðgjaldið var kr. 750.00. Í meginmáli tryggingarskírteinisins segir m. a. svo: „Tryggingin gildir fyrir tjón gegn sérhverri einkaréttarbótakröfu, sem vátryggingartaka, samkvæmt núgildandi bifreiðalögum, er skylt að tryggja gegn, sem eigandi hinnar vátryggðu vélar, vegna tjóns, sem hlotizt hefur af notkun hennar. . . . Um tryggingu þessa gilda ennfremur almennir og sérstakir tryggingaskilmálar, sem skráðir eru annars staðar á þessu skírteini, svo og upplýsingar þær, er gefnar eru í vátryggingarbeiðni frá eiganda ofanskráðrar dráttarvélar“. Rafveita Hafnarfjarðar krafði stefnda um tjón það, sem orðið hafði á jarðstrengnum, en það nam kr. 4.962.05. Stefndi synjaði um greiðslu á þeim grundvelli, að tjónið hefði ekki hlotizt af notkun dráttarvélarinnar sem ökutækis. Hinn 25. janúar 1968 greiddi stefndi Rafveitu Hafnarfjarðar framangreint tjón hennar ásamt

vöxtum, kr. 449.92, og innheimtulaunum, kr. 1.048.00, enda hafði Rafveita Hafnarfjarðar áður boðað stefnanda, að krafan yrði innheimt með málssókn. Stefnandi krafði nú stefnda um fjárhæðir þær, sem hann hafði greitt Rafveitu Hafnarfjarðar, en af hálfu stefnda var synjað um greiðslu á sömu forsendum og áður. Höfðaði stefnandi síðan mál þetta til heimtu þeirra fjárhæða, sem hann hafði greitt.

Kröfur stefnanda eru byggðar á því, að hann hafi keypt af stefnda lögboðna tryggingu fyrir dráttarvélina KD 348 samkvæmt ákvæði 70. gr. laga nr. 26/1958, enda hafi vélin verið tryggingarskyld. Þrátt fyrir það hafi stefndi eigi fengizt til að greiða Rafveitu Hafnarfjarðar tjón það, sem vélin hafi valdið á rafmagnsstrengnum, en á tjóni þessu hafi stefnandi borið fébótaábyrgð samkvæmt ákvæði 67. gr. greindra laga. Stefnandi hafi því sjálfur greitt tjónið, en þar sem hann hafi keypt lögboðna ábyrgðartryggingu fyrir dráttarvélina hjá stefnda, eigi hann rétt á að fá tjón sitt bætt að fullu af stefnda. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að með tryggingarsamningnum hafi stefndi tekið að sér að bæta tjón, sem vélin ylli þriðja manni, og skipti ekki máli, hver notkunin sé eða hvort það sé einn eða annar hluti tækisins, sem sé í notkun. Er því haldið fram, að með orðinu „Iðnaðarvél“ í tryggingarbeiðninni hafi verið gefið til kynna, að tækið yrði notað til annarra starfa en landbúnaðarstarfa. Stefndi hafi samkvæmt þessu sjálfur ákveðið iðgjaldið fyrir trygginguna og verði einn að bera hallann af því, ef hann hafi ákveðið iðgjaldið of lágt. Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að eigi skipti máli, hvort dráttarvélin hafi verið skorðuð eða ekki.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð, að skylduvátrygging dráttarvélarinnar KD 348 sem vélknúins ökutækis taki eigi til tjóns þess, sem fjallað er um í máli þessu. Samkvæmt 1. mgr. 70. gr. umferðarlaga beri eigendum skráningarskyldra vélknúinna ökutækja að kaupa hjá vátryggingarfélagi og halda við vátryggingu til tryggingar greiðslu tjóna, sem hljótast kunni af hinu tryggða tæki sem vélknúnu ökutæki í notkun. Þótt tjón hljótist af tækjum, sem tengd séu við dráttarvélina, t. d. tæki til skurðgrafftar, eins og hér er fjallað um, þá sé auðsætt, að dráttarvélin sé ekki í notkun sem ökutæki, heldur sem vinnuvél, enda sé tækið þá algerlega komið yfir á svið skurðgröfu, en slík tæki séu ekki tryggingarskyld samkvæmt umferðarlögum. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að umrædd dráttarvél stefnanda hafi eigi verið í notkun sem vélknúð ökutæki, er umrætt tjón varð, heldur sem

skurðgrafa. Er á það bent í þessu sambandi, að við slíka notkun sé tækið skorðað fast og verði ekki hnikað til, á meðan grafið sé. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að með notkun dráttarvélarinnar sem skurðgröfu í þéttbýli hafi verið farið út fyrir eðlilegt notkunarsvið hennar sem dráttarvélar til landbúnaðarstarfa og hafi það stóraukið áhættu stefnda gagnvart þriðja manni. Þá er því og haldið fram af hálfu stefnda, að tjónið hafi hlotizt af stórkostlegri óvarkárni stjórnanda tækisins, þar sem hann hafi unnið að greftinum innanbæjar án þess að kynna sér hjá viðkomandi aðiljum, hvar leiðslur lægju, en samkvæmt ákvæði 8. gr. tryggingarskilmálanna leiði þetta til þess, að stefnandi hafi fyrirgert rétti sínum á hendur stefnda. Til ýtrustu vara er því mótmælt af hálfu stefnda, að honum verði gert að endurgreiða stefnanda innheimtukostnað, sem stefnandi beri einn ábyrgð á, að fallið hafi á hann.

Það er ágreiningslaust, að dráttarvélin KD 348 hafi verið skráningarskyld sem dráttarvél samkvæmt 11. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og eiganda hennar hafi verið skylt að kaupa ábyrgðartryggingu fyrir hana samkvæmt 70. gr. sömu laga. Keypti stefnandi slíka tryggingu hjá stefnda, eins og áður er rakið. Samkvæmt því, sem fram kemur í beiðni stefnanda um trygginguna, þ. e. að um iðnaðarvél væri að ræða, mátti fyrirsvarsmönnum stefnda vera ljóst, að dráttarvélin væri búin tækjum til ámoksturs og skurðgraftar, eins og haldið er fram af hálfu stefnanda, að hann hafi skýrt frá. Útbúnað þennan er hægt að fá með slíkum dráttarvélum, er þær koma til landsins, en einnig er hægt að koma honum fyrir síðar. Jafnframt er hægt að losa slíkan útbúnað frá vélinni. Slíkur útbúnaður er drifinn af vökvakerfi, sem fær afl sitt frá aflvél dráttarvélarinnar. Við notkun skurðgröfu situr stjórnandi skurðgröfutækisins í sérstöku sæti aftan á dráttarvélinni og stjórnar tækinu með sérstökum stjórn-tækjum. Við skurðgröft er ætlazt til, að dráttarvélin sé skorðuð með stoðum, sem eru sambyggðar skurðgröfuútbúnaðinum og tengdar vökvakerfinu og hleypa má niður með stjórn-tækjum þess. Það kom fram við munnlegan flutning málsins af hálfu stefnanda, að sami maður hafi stjórnað dráttarvélinni sjálfri og skurðgröfutækinu. Þótt tækið hafi í upphafi átt að nota til landbúnaðarframkvæmda, var það nú leigt út til verklegra framkvæmda í Hafnarfirði. Það er ágreiningslaust, að tjón það, sem mál þetta er risið af, hafi orðið, er skófla skurðgröfutækisins sleit rafmagnsjarðstreng, sem lá í jörðu í um þriggja feta dýpt, er það var notað

til að grafa umræddan skurð. Það verður að telja, að tjón þetta liggi utan notkunar sviðs dráttarvélarinnar KD 348 sem skráningarskylds vélknúins ökutækis og falli því utan sviðs tryggingar þeirrar, sem stefnandi keypti hjá stefnda samkvæmt 70. gr., sbr. 67. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda í máli þessu, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Birni Bjarnasyni ráðunaut og Sigurgesti Guðjónssyni bifvéla virkja meistara.

Dómsorð:

Stefndi, Samvinnutryggingar g/t, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Georgs Hermannssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 31. október 1969.

Nr. 188/1969. Útgerðarfélagið Barðinn h/f

gegn

Þórði Óskarssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 21. gr., 1. b, laga nr. 57/1962 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 1. ágúst 1969, er barst dóminum 22. október 1969. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur, lagt verði fyrir héraðsdómara að dæma efni máls og varnaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar héraðsdóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.